

Ísafjarðarbær
Jóhann B. Helgason,
sviðsstjóri
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Umhverfisstofnun
Áb. _____
25. maí 2011 10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 25. maí 2011
Tilvísun: UST20110300102/ksj

Deiliskipulag - Suðureyrarmalir. Kynning og samráð.

Vísað er til erindis sviðsstjóra framkvæmda- og rekstrarsviðs Ísafjarðarbæjar er barst 17. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagslýsingu er varðar miðbæ Suðureyrar. Áherslur deiliskipulagsins verða í samræmi við áherslur gildandi aðalskipulags um verndun eldri byggðar. Breyting skipulags felst í að í fyrra aðalskipulagögum hefur áhersla verið á uppbyggingu atvinnu á svæðinu s.s. iðnaðar en nú er gert ráð fyrir að atvinnusvæðin færast að Brjótnum utan við bæinn. Hugað verður að þéttingu íbúðarbyggðar ásamt möguleikum til uppbyggingar ferðaþjónustu.

Fram kemur í greinargerð að áhersla er lögð á að starfsemi svæðisins falli að áherslum miðsvæða. Með breytingunni færast skipulagsmörk austur fyrir Freyjugötu og eftir breytinguna tekur fyrri deiliskipulag aðeins til hafnarinnar og hafnar svæða. Skipulagssvæðið tekur til Suðureyrarmala og næsta nágrennis til sjávar þ.e. Brekkustígs, Aðalgötu, Eyrargötu, Stefnisgötu, hluta Freyjugötu og Hjallavegar að norðanverðu. Skipulagssvæðið er að stærstum hluta utan hættusvæða vegna ofanflóða skv. hættumati fyrir Suðureyri frá maí 2005. Aðeins efstu lóðirnar eru á hættusvæði A. Minni hætta er talin af stórum flóðbylgjum á Suðureyri en innar í firðinum vegna ofanflóða í norðurhlíðum Súgandafjarðar. Fram kemur að að einhver hætta stafar af flóðbylgjum við ströndina á skipulagssvæðinu en ekki talið líklegt að þær geti valdið manntjóni sbr. viðmið í reglugerð. Eins og bent er á í lýsingu af deiliskipulaginu geta flóð valdið eignartjóni.

Engar náttúruminjar eru á svæðinu er lýsingin nær yfir. Ekkert hús innan skipulagssvæðisins er friðað samkvæmt lögum.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisvernd eldri byggðar

Svæði Ú31

Umhverfisstofnun tekur undir áherslur um að varðveita fjöruna á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um bætt aðgengi að fjörunn

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagslýsinguna

Náttúruvá

Umhverfisstofnun tekur undir að haga þurfi skipulagi þannig að dregið sé úr hættu á tjóni af völdum náttúruvá. Skipulagssvæðið er á lálendi við sjó og því þarf að taka tillit til hækkunar sjávarborðs í framtíðinni og landssigs þar sem þess gætir. Umhverfisstofnun bendir á að í stefnu stjórnvalda Velferð til framtíðar kemur fram að allir íbúar landsins skuli búa við ásættanlegt öryggi með tilliti til náttúruvá og að landnýtingu verði þannig hagað með tilliti til náttúruvá. Samkvæmt reglugerð nr. 505/2000 m.s.br. um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða skal sveitastjórn láta meta hættu á ofanflóðum þar sem saga er um að ofanflóð hafi fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku. Til ofanflóða teljast snjóflóð, skriðuföll, berghlaup og grjóthrun. Hættumatið skal fyrst og fremst ná til þéttbýlis og svæða þar sem þétt byggð er fyrirhuguð. Þéttbýli er þyrping húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns eða fjarlægð á milli húsa er að jafnaði ekki meiri en 200 m. Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, fristundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr reglugerðar nr. 505/2000. Samkvæmt 18. gr sömu laga skal sveitastjórn gera áætlun um aðgerðir sem tryggja öryggi fólks í húsum á hættusvæði og skal hún liggja fyrir innan sex mánaða frá því að hættumat er staðfest. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við deiliskipulagslýsingu af miðbæ Suðureyrar en bendir á að gera mætti nýtt hættumat fyrir svæðið.

Stofnunin biðst velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Olafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín Salóme Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun